

**Nd.**

**572. Nefndarálit**

[43. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum, fengið umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Þjóðhagsstofnun og Byggingarfélagi alþýðu, Hafnarfirði. Á fund nefndarinnar kom framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús E. Guðjónsson, fulltrúar frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Sigurður E. Guðmundsson og Skúli Sigurðsson, og Sigurður Snævarr frá Þjóðhagsstofnun.

Nefndarmenn hafa ýmislegt að athuga við frv., ekki síst 3. gr. þess. Hefur mikil vinna verið lögð í athugun og útreikninga, sérstaklega varðandi verðbótapátt og uppfærslu verðs vegna sölu á eldri íbúðum. Þar sem frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, 143. mál, þskj. 151, er til meðferðar á yfirstandandi þingi, sem ætlað er að færa nógildandi lög til betri vegar, telur nefndin ekki rétt að gera róttækar breytingar á frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum Hins vegar vill nefndin benda á nokkur atriði sem rædd hafa verið og taka þarf sérstaklega til skoðunar við heildarendurskoðun laganna, sbr. 143. mál.

1. Seljandi íbúðar skal fá endurgreidda þá fjárhæð, sem hann hefur greitt af kaupverði íbúðarinnar, frá þeim tíma sem hann festi kaup á henni til söludags. Enn fremur skal seljandi fá verðbætur skv. lánskjaravísitölu á hverja greiðslu, sem hann hefur innt af hendi af kaupverði íbúðarinnar frá greiðsludegi til söludags, með 2% vöxtum. Heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Matsnefnd félagslegra íbúða metur endurbætur og galla, enda liggja ekki fyrir samkomulag um mat á ástandi íbúðar. Að auki á seljandi rétt á að greiða upp  $\frac{1}{20}$  hluta af eftirstöðvum láns Byggingarsjóðs verkamanna fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, enda greiði hann upp samsvarandi hluta eftirstöðvanna.

2. Verðlagning íbúða í verkamannabústöðum fari fram samkvæmt ákvæðum 3. gr. til ársloka 1983, sbr. ákvæði til bráðabirgða, en frá þeim tíma nýtur seljandi ekki frekari verðhækkana á eftirstöðvum áhvílandi lána frá Byggingarsjóði verkamanna. Við sölu eftir 1. janúar skal þó framreikna þá hlutdeild í verðhækkun af eftirstöðvum sem seljandi hefur áunnið sér við árslok 1983.

Nefndin telur nauðsynlegt að milli þinga verði þessar hugmyndir skoðaðar nánar með hliðsjón af þeim útreikningum og athugasemdum sem félagsmálanefnd hefur aflað sér, m. a. frá Þjóðhagsstofnun, um þessar tvær tillögur.

Í trausti þess, að nýjar útreikningsreglur varðandi endursöluverð íbúða taki gildi eigi síðar en 1. jan. 1984, og við þá ákvörðun verði þær hugmyndir, sem nefndin hefur haft til umfjöllunar, sérstaklega skoðaðar, getur nefndin eftir atvikum sætt sig við að ákvæði 3. gr. frv. við verðlagningu á endursölu íbúða gildi áfram, en þó eigi lengur en til n. k. áramóta.

Þess vegna leggur nefndin til ákvæði til bráðabirgða, sem kveður á um að 3. gr. gildi til n. k. áramóta.

Breytingar á 4. gr. varðandi 10% framlag sveitarfélaga til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursölu miðist aðeins við hækkun lánsins. Er þetta í samræmi við framkvæmd þessa ákvæðis í dag, þar sem óeðlilegt verður að telja að sveitarfélög greiði 10% af allri lánsfjárhæð, sem þýðir í raun umframgreiðslur frá sveitarfélagi.

Hér er um að ræða frumvarp til laga til staðfestingar á bráðabirgðalögum er gefin voru út 27. júlí 1982.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskila sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 9. mars 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
form.

Steinþór Gestsson.

Jóhann Einvarðsson,  
fundaskr.

Friðrik Sophusson.

Eggert Haukdal.

Alexander Stefánsson,  
frsm.

Guðrún Helgadóttir.